1. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
28. apríl 2026 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS).

1. **Samþykkt fundargerðar síðasta fundar**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. **Verkaskipting stjórnar**

Stjórn skiptir með sér verkum. Gerð er tillaga um að ÍH verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.

Almennar umræður um hvað stjórnarmenn brenna fyrir og kynning á þeim málefnum og verkefnum sem stjórn hefur verið að vinna að undanfarið.

3. **Fyrirmyndarfélag ÍSÍ – Lokaútgáfa handbókar félagsins**

HS kynnir lokaeintak af handbók Fáks sem skilað verður inn til ÍSÍ. Stjórn samþykkir að skila henni inn enda hefur hún verið unnin og yfirfarin af fyrri stjórn.

4. **Samningar við reiðskólana**

Kynntir eru samningar við reiðskólana sem starfsræktir eru í Víðidal yfir sumartímann. HS og EG funduðu með forsvarsmönnum reiðskólana og áttu góða fundi um sumarið framundan.

Stjórn samþykkir að gengið verði til samninga við reiðskólana á þessum forsendum.

5. **Hreinsunardagur Fáks**

Hreinsunardagur Fáks verður 5. maí næstkomandi. Fyrir utan hið hefðbundna starf að hreinsa og plokka rusl á félagssvæðinu þá munum við reyna að smala í hópa til að hreinsa grjót af skilgreindum reiðstígum sem eru staksteinóttir.

6. **Önnur mál**

    a. **Kerrustæði:** Rætt um að fara yfir kerrur á kerrusvæði í sumar og hreinsa burt þær sem ekki eiga heima þar.

    b. **Almannadalur:** Farið yfir málefni Almannadals.

Fundi var slitið kl. 18:15.